og sagði at U.m.f. hefði sjálft nóg at

með herbergið at gjöra, þá talaði Rikhard
Johannss. Sagðist hann vilja at ungmanna-
felagið tøkju höndum saman og
børu vekunnar út úr herberginum.
Næstur talaði Halldór Jónsson, var hann
hví fylgjandi at farið yrði fram á
leigu fyrir herbergið. Eining taldi hann
tað ærkilegt at felagið gæti innsett
Fjallasagnmsluna til egin at nýta
Þá ~~kom~~ framm ~~at~~ svohljóðandi
Tillaga í málinum
Fundurinn samþykkir at Fiskafelaginum verði ikki ~~afhent~~ lánað
stovan til at nýta nema fyrir
sanngjarna leigu
Flutningsmaður B.H. flutningsmaður
Fríðbjörn Þórhals.
Tillagan var samþykt með øllum
greiddum atkvøðum.
Fleira ~~gerist~~ ekki á fundinum fundi
slitið Fundarstjóri ~~var~~ Fríðrik Petursson
Fundarritari Fríðbjörn Þórhallsson

Sæunn Guðjónsson
ritari

Fundargjört 21/12 1942

Árið 1942 sunnudaginn 21/12 var fundur haldinn í U.M.F.H. í húsi félagsins
Friðrik Pétursson Hofi stýrði fundinum
Þetta var gjört á fundinum
Fundarstjóri hóf máls á því, hvort félagið vildi beita sér fyrir því að koma upp Sundlaug. Gat hann þess að mönnum hefði komið til hugar að byggja hana hjá frystihúsi K.f. Austur-Skagfirðinga og fá heitt vatn frá vélum hússins, kvaðst hann hafa spurt vélstjóra hússins um álit hans á þessu og taldi hann það líklegt að þetta gæti gengið, þar sem vatnið væri bæði nógu ~~mikið~~ [illegible] og vel heitt. Fyrstur talaði Baldvin Ágústsson. Taldi hann málið ekki nægilega undirbúið til þess að hægt væri að ræða það á þessum fundi. Vildi hann fyrst ~~láta~~ athuga hve mikið fylgi málið hefði meðal ~~[illegible]~~ hreppsbúa. Benti hann á að félaginu bæri frekar að bæta húseign sína bæði utan og innan, þó vildi hann ekki að málið fjelli niður, heldur héldi U.M.F. því vakandi.
Næstur talaði Sveinn Guðfinnsson. Hann var ekki samþykkur Baldvini, vildi hann láta félagið undirbúa málið áður en það kæmi fyrir hreppsbúa og efaðist ekki um að málinu yrði vel tekið af hreppsbúum ef félagið sýndi augljósan áhuga fyrir því.
Ennfremur skoraði hann á alla fundarmenn að láta í ljósi álit sitt.
Anton Jónasson mótmælti ekki beinlínis málinu en varaði félagið við því að taka á sig miklar fjárhagslegar byrðar.
Hann gat þess að hið opinbera hefði sumstaðar veitt styrk til slíkra bygginga og ef hann fengist þá horfði málið allt öðruvísi við.
Fundarstj. Friðrik Pétursson var málinu hlyntur og benti á nauðsyn þess það sem nú væri sett það skilyrði að [illegible]:

þoftsbörn yrðu að vera sýnd
Sveinn Guðjóns lagði fram
í suohljóðandi tillögu
Fundur haldinn í U M F K sunnud
21/12 1942 leggur eindregið til
að kosin yrði 3ja manna nefnd
í málið til að hún athugi
möguleika fyrir byggingu sundlaugar á komandi vori eða
næmi framtíð Nefndin komi
með tillögur í málinu á fundi
eigi síðar en Janúarlok 1943.
Tilagan samþikt Samkvæmt
tillögu þessari átti að kjósa 3ja
manna nefnd í málið
Anton Tóm. stakk uppá að stjórn
inni yrði falið málið til með
ferðar og var það samþykt
Fundurinn samþ. að veita Guðbr.
Bjarnasyni inngöngu í félagið
Í skemmtinefnd voru kosnar
Stefanía Jóns. Svanh. Guðjóns

og Ebba Jóns Í málefnanefnd
Anton Tómasson Friðbjörn Þórhalls
og Pálmi Vilhs. Fundasstj.
til nefndi Halldór Jónson til
fundasstjóra á næsta fundi en
hann til nefndi ritara Þorvald
Þórhalls. og Svanh. Guðjóns.
Fleira ekki gert fundi slitið
Pálmi Vilhemsson fundarstjóri
Sveinn Guðjónsson
Ritari

# Fundargerð. 10/1 1943

Fundur var haldinn í U.M.F.H. 10 jan 1943. Fyrstur tók til máls Friðbjörn Þorhalls og talaði um að félagarnir þyrftu að vera samtaka. Einnig talaði hann um að þeir sem sæti fundina þyrftu sem flestir að taka til máls. Hann minntist á að Ungmannafélagar kæmu saman á skautum og skíðum. hann þakkaði fyrir góða þátttöku í leikfimisnámskeiðinu

Friðrik Pétursson tók næstur til máls og talaði um að fara skemmtiferð á komandi sumri. Hann kvað það vera mjög nauðsynlegt að fá þjálfara til þess að hjálpa þeim sem væru óvanir að tala á fundum

Sveinn Guðjónsson talaði næst, mynntist hann á að eignir félagsins væru skemdar og kvað það leiðinlegt til þess að vita að það væru félagarnir sjálfir sem það væru að verki. Hann kvað mjög æskilegt að fá fótbolta. Friðbjörn Þorhallsson tók til máls. Þótti honum daufar umræður og óskaði eftir að þeir tæku til máls sem ekki

~~hef~~ hefðu gert það fyr og sagði að best væri að hafa það svo að við skiftumst meir á annan og sagðist hann skora á Rikkharð Jóhanns. Rikkharð tók til máls, kvað hann það enga þýðingu að fá fótbolta því hann yrði endursendur einsog bolti sem kominn hefði í hittefyrra. Jónfríður Björnsdóttir tók til máls. hún sagðist hafa verið á fundi í Borgarnesi í ~~fyrra~~ í fyrravetur. Þar hefði gengið hálf illa að fá unglingana til þess að taka til máls og þar hefði verið gripið til þess ráðs að skilda alla til þess að tala. Gunnar Baldvinsson tók til máls og gat þess að það þýddi ekki að hugsa til þess að fara skemmtiferð því það yrði ekki neitt af því.

Sveinn Guðjónsson ~~talk~~ tók til máls. Kvað hann það eigi rétt að félagið hefði fengið fótbolta og sinnt hann aftur. hann lýsti sig fylgjandi því að farin væri skemmtiferð

Friðbjörn Þorhallsson kom með tillögu þess efnis ~~að~~ að kjósa þriggja manna nefnd

til þess at sjá um at skemmtiferð yrði farin á komandi sumri. Til lagan vor samþikkt. Þessir voru kosnir í nefnd Fritbjörn Þorhalsson ~~met þ~~ Fridrik Peturs og Rikkhard Jóhannson

Þá vor þetta mál útrætt og tekit út af dagskrá. Baldvin Agustson kvaddi sér hljóðs og talaði um deifð í félagsskapnum og stakk upp á því at reynt væri innbyrðis skemmtun í félaginu í vetur. Fridbjörn gat þess at félagit væri 25 ára nú á þessum vetri og væri æskilegt at ammælis væri minst met skemmtun. Baldvin Agustson stakk upp á því at kjósa 7 manna nefnd til þess at sjá um innbyrðis skemmtun og vor þat samþikkt. Þessir hlutu kosningu

| | | |
|---|---|---|
| Siney Kristinsdóttir met | 11 | atkvæðum |
| Fritbjörn Þorhalsson | 11 | — |
| Fridrik Petursson | 9 | |
| Bergur Baldvinson | 9 | |
| Rikkhard Jóhannson | 9 | |
| Sveinn Ásgrímsson | 8 | |
| Vernharð Sigmundsson | 8 | |

Fundarstjóri fyrir næsta fund var kosin Fritbjörn Þorhallsson og ritarar Jónfríður Björsdóttir og Kristjana Þorhals og í málefnanefnd Pálmi Vilhemsson Vernharð Sigmundsson og Rikkharð Jóhannson. Fleira gerðist ekki á fundinum. Fundi slitit

Þorvaldur Þorhallsson fundarstjóri
Halldór Jónsson fundarstjóri
Sveinn Ásgrímsson

Fundargjörð 24/1 1943

Sunnudaginn 24/1 1943 var fundur haldinn
í U.M.F.H. Mættir voru 12 félagar
Formaður félagsins skipaði Svanhildi Guðj
fyrir fundarstjóra þar sem fundarstjórinn var
ekki mættur.

Gjörðir fundarins voru þessar

Fundarstjóri setti fundinn og gaf því
næst Rikkharð Jóhannssyni orðið því
hann einn var mættur af málefnanefnd
Rikkharð talaði um það hvað það væri
mikill skaði fyrir félagið að hafa enga
geymslu fyrir leiktjöld og fór mörgum
orðum um það hve félagið væri ~~búið~~
búið að fleygja frá sér miklum verðmætum
í leiktjöldum vegna skorts á góðu
geymsluplássi, sagðist hann vilja að
við tækjum kjallarann að austan og innréttum
hann fyrir geymslu á leiktjöldum
Friðrik Pétursson talaði næst sagði hann
það alveg rétt hjá flutningsmanni, með
geymsluna fyrir leiktjöld, en gat þess að
það væri svo margt sem við húsið

þyrfti að gera, en fjárhagurinn eftir
lítill, svo það gæti reynst álitamál
hvort ekki væri annað eitthvað nauðsyn-
legra sem fyrir þyrfti að komast í verk
Næstur tók til máls Sveinn Guðjónsson kvaðst
hann vera því fylgjandi að nauðsyn
væri á góðri geymslu fyrir leiktjöld
en kvaðst samt líta svo á að margt
annað væri meiri nauðsyn að fá
gjört þar sem engin leiktjöld væru
til. Einnig minntist hann á það að úr
því ~~það~~ væri nú svo margt sem við húsið
þyrfti að gjöra þá áliti hann það réttast
að félagið tæki lán sem nægði til þess að
gera húsið svo úr garði að viðunanlegt væri
og sagðist telja það tryggilegra því ef að
á annað borð væri gengið forsvaranlega
frá húsinu þá væri í fyrsta lagi
tiltölulega miklu auðveldara að halda
því við og einnig væri þá frekar hægt
að búast við af því meiri tekjum
Var húsmálið svo rætt aftur og fram

og tóku so til máls auk teirra sem
fyrr er ~~frá~~ sagt teir Svanhildur Guðmundsd.
Arnbjørg Jónsdóttir og Bára Vilhjálmsdóttir
Svo hljóðandi tillaga var samþykkt
„Fundurinn ~~[illegible]~~ í U.M.F.H. samþykkir
at taka mál Rikkhards Jóhannsonar út
af dagskrá nú en taka tað til endalígra úrlausnar á næsta fundi“
Fundarstjóri fyrir næsta fund var
kosin Hermann Bjørnsson, ritarar Haldór
Jónsson og Haraldur Gíslason, í málefnanefnd
~~[illegible]~~ auk teirra sem fyrir voru Bogi
Baldvinsson. Skemmtinefnd fyrir næsta
fund Rikkhard Jóhannsson, Bára Vilhjálmsd.
og Fríðrik Pétursson. Fleira gjørðist ikki
á fundinum, Fundi slitið
Sveinn Guðmundsson

# Fundargjørð 14/2 1943.

Fundur var haldinn í U.M.F.H. sunnudaginn 14/2 1943. Fundarstjóri var Fríðrik Péturs
Le[illegible] Gjørðarfundarins voru þessar
Lesin upp fundargjørð síðasta fundar, varin
upp og samþykkt
Fundarstjóri las upp bréf frá S.U.M.F.S.
þess efnis at ganga í U.M.F.Í.
Taldi hann mjøg nauðsynlegt fyrir okkur
at ganga í U.M.F.Í.
Baldvin Hjartarson tók til máls og taldi
marga annmarka á því at við gengjum
í U.M.F.Í. svo sem at lág þess lagu
ekki fyrir hendi og margt fleira
Sveinn Guðmundsson tók til máls og sagðist
álíta at lögin væru tjá ser. Hann segðist
álíta at ikki væri rétt at taka neina
ákvørðun um þetta fyrr en lögin hefðu
verið lesin upp en gat þess jafnframt at
það hefði verið gjørt í fyrra þegar rætt
var um sama efni. Taldi hann sjálfsagt
at S.U.F.S. gengi í U.M.F.Í.
Haraldur Gíslason tók til máls og taldi

hann að lögin U.M.F.Þ. kæmu okkur að litlu
liði, við að þeim undantekum sem ákvæði
væri í bréfi S.U.F.S. og þar af leiðandi
gætum við alveg afgreitt það á þessum fundi
og taldi hann það áríðandi að það væri gjört.
Friðrik Pétursson tók til máls og sagðist
hann eindregið leggja það til að við gengjum
í U.M.F.Þ. Baldvin Ás. tók til máls og
taldi sig þá aldrei hafa verið því mótfallinn
að gengið væri í U.M.F.Þ. en aðeins að ganga
ekki frá bréfinu fyr en lögin yrðu lesin upp.
Sveinn Gunnarsson tók til máls og tók það
fram eftir að hann teldi að við ættum
ákveðið að leggja það til að S.U.F.S. gengi í
U.M.F.Þ. Svohljóðandi tillaga ~~kom~~ kom frá
Haraldi G. og studd af Friðbirni Þórhalls
„Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnudaginn
14 febrúar 1943 leggur eindregið til að S.U.F.S.
gangi í U.M.F.Þ.“ Tillagan var samþykkt
með 12 atkvæðum gegn 1.
Því var tekið fyrir málefni Rikharðs
Jóhannssonar sem frestað var á síðasta

fundi til þessa fundar. Friðrik Pétursson
taldi það ávaxtunar mál þar sem það
gekk út á endurbætur á húsinu. Talaði
hann um fjárskort félagsins og möguleika
fyrir fjáröflun til verksins, mynntist
hann á möguleika til þess að fá fé með
því að gefa út ríkisskuldabréf.
Baldvin Ágústsson tók til máls og taldi það
ekki gjörlegt að gefa út ríkisskuldabréf. Hann
taldi samskot innan félagsins heppilegri.
Sveinn Gunnarsson tók til máls og taldi
hann líkur fyrir því að samskotin nægðu
ekki miklu og var hann fylgjandi því að
gefa út ríkisskuldabréf
Tillaga kom frá Haraldi Gíslas studd af Friðbirni Þór.
„Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnudaginn 14/2 1943
samþykkir að fresta umræðum um viðgjörð
á húsinu og fjáröflun til þess til aðalfundar“
Tillagan var samþykkt með öllum greiddum
atkvæðum. Baldvin Ágústsson tók til máls og
bað um upplýsingar ~~um það~~ fyrirhugaða
innheimtu skemmtun og taldi til siði[illegible]

at hafa verið í afmælisdegi þess
Friðrik Pétursson svaraði, og taldi hann ekkert
hafa verið um hana hugsað
F.P. gaf til kynna að fundargjörð frá öðrum
fundi hér frá væri hér og bað fundarritara
að lesa hana Balduin tók til máls og kvað
mikið vanta í þá fundargjörð.
Sveinn Guðjónsson tók til máls og taldi
það sem vantaði í fundargjörðina hefði
ekki mátt bóka þar sem það hefðu verið
ótöglegar ~~umræður~~ og kvað óþarfa að ræða
það mál frekara H.G. og F.P. tóku til máls
og lýstu yfir því sama
Fundarstjóri fyrir næsta fund var kosinn
Gunnar Baldursson. Ritari Bára Vilhjálms
og vararitari Sveinn Guðjónsson. Málefnanefnd
Svanhildur Guðjónsdóttir, Balduin Ágústsson og
Herman Björnsson. Fleira gerðist ekki á fundinum
fundi slitið, mættir voru um 20 félagar
Haraldur Gíslason var ritari Friðrik Pétursson
fundarstjóri

Sveinn Guðjónsson

# Fundargjörð 7/3 1943

Fundur var haldinn í U.M.F.H. sunnudaginn
7-3 1943. Störf fundarins voru þessi
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, borin
upp og samþykkt án nokkurra breytinga
2. Kosning fulltrúa á aðalfund S.U.M.F.S.
Kjósa skyldi 4 fulltrúa. Kosningu
hlutu þeir Friðrik Pétursson með 8 atkvæðum
Sveinn Guðjónsson 8, Haraldur Gíslason 7 og
Þorbjörn Gottskálksson með 7 atkvæðum og
til vara Balduin Ágústsson, Halldór Jónsson
Pétur Jónsson og Björn Jónsson Bæ
3. Hvort er betra krókur eða kelda framsögu
maður Balduin Ágústsson. Hvaddi hann
álíta að betra væri að fara krókinn heldur
en kelduna og hvaddi aldrei geta fallist
á það að keldan væri betri yfirferðar
Mál þetta fékk daufar undirtektir hjá
fundarmönnum og var það því tekið út
af dagskrá, en flutnings maður óskaði
eftir að það kæmi seinna fram á fundi
og yrði þá rætt af sem flestum
4. Balduin Ágústsson stóð upp og sagði að nú

nú þegar byrjaði at hoppa undir leiðing
at skemmtunin fyrir sumardaginn fyrsta
Haraldur Gíslason tók þá til máls og kvað
nú þegar byrjaði at kjósa nefnd sem skuldi
um umsjónina skemmtunin fyrir félagið
nú sem fyrst Sveinn Guðjónsson sagðist
líta svo á at þessi nefnd sem Haraldur gat
um at byrjaði at kjósa, væri alveg óþarf
heldur ætti at fela þeirri nefnd sem kosin
var á haust og sjá ætti um leikina, fram-
kvæmd í því máli sem Haraldur gat um
Balduin Ágústsson tók þá til máls og bað um upp-
lýsingar fyrir því at ekki var leikið í vetur
Friðbjörn Gjorkallsson svaraði, sagði hann at það
ástæður væru fyrir löngu komnar fram og
hvað óþarfa at ræða það frekara
Friðrik Pétursson tók til máls og kvaðst vel
geta fallist á það at nefnd sú sem sjá
átti fyrir leikjunum yrði falið at halda
skemmtun nú sem fyrst. Mál frekar var svo
rætt fram og til baka og kom ekkert serstakt
fram ~~~~ fyrir umræður svohljóðandi tillaga
var samþykkt í málinu
" Fundur haldinn í U.M.F.K. sunnudaginn 1 mars
1943 samþykkir at kjósa fimm manna
nefnd til þess at sjá um skemmtun nú
sem fyrst" flutningsmaður Haraldur Gíslason
stuðningsmaður var Friðbjörn Gjorkallsson
Í nefndina voru kosnir Gunnar Baldursson
Balduin Ágústsson, Friðrik Pétursson, Friðbjörn
Gjorkallsson og Sveinn Guðjónsson, kosning
fór skriflega fram.
Það sem leiðast var við at næsti fundur
yrði aðalfundur þá var enginn fundarstjóri
kosinn fyrir næsta fund og enginn málefna
nefnd. Fundinn sátu um 20 félagar
Fundarstjóri var Friðrik Pétursson
ritari Sveinn Guðjónsson
Fleira gjörðist ekki á fundinum
fundi slitið

Sveinn Guðjónsson

## Fundargjörð 4/4 '43

Fundur var haldinn í U.M.F.H. 4/4 1943.
Gjörðir fundarins voru, sem hér segir.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, borin upp og samþikkt.
2. Rætt um að fá kennara til þess að leiðbeina í frjálsum íþróttum til undirbúnings í mót S.U.M.F.S. Friðbjörn Þórhallsson hafði framsögu í málinu. gat hann þess að hann væri í íþróttanefnd er kosin var á aðalfundi S.U.M.F.S. til þess að sjá um að sem flest félög innan sambandsins gætu átt þátttakendur á mótinu og kvað hann nefndina hafa fallist á að reynt yrði að fá kennara sem ferðaðist um og leiðbeindi í þeim íþróttagreinum, sem á mótinu yrði keppt í. Haraldur Gíslason talaði næstur, kvað hann að vitfallum að fallast á að þetta yrði reynt. Baldvin Ágústsson tók til máls, þótti honum með þessu of mikill kostnaður leggjast á félagana, því gert var ráð fyrir því, að þeir önnuðust sjálfir uppihald kennara, meðan hann dveldi hér og um flutning á honum til næsta félags. Sigfríður Björnsd. var þessu mjög fylgjandi. Rikharð Jóhannsson gerði fyrirspurn, þess efnis hvort ekki yrði að sjá fyrir manni, til þess að afa þessa menn þegar kennarinn væri farinn. Friðbjörn Þórhallsson svaraði. Kvað hann það meiningunna að þessir menn æfðu sig sjálfir, eftir að þeir hefðu notið leiðbeiningar frá kennaranum. Sveinn Guðjóns. var þessu meðmæltur og kvað það eiga að vera okkar metnaðarmál, að geta átt einhverja þátttakendur á íþróttamóti S.U.M.F.S. Svohljóðandi tillaga var samþikkt í málinu

Fundur haldinn í U.M.F.H. 4. apríl '43 Leggur eindregið til að kennari verði fenginn, til þess að leiðbeina í íþróttum fyrir mót S.U.M.F.S.

Flutningsm Haraldur Gíslason
Stuðningsm Friðbjörn Þórhallsson

Þá var málið tekið út af dagskrá

III. Rætt um skemmtun á sumardaginn fyrsta Haraldur Gíslason hafði framsögu í málinu Stakk hann upp á því að sú skemmtun yrði höfð á annan í páskum, vegna þess að sumardaginn fyrsta bæri uppá skírdag. Rikharð Jóhannsson, vildi að hún yrði höfð eins og venjulega á sumardaginn fyrsta Baldvin Ágústsson stakk uppá því að hún yrði höfð

síðasta vetrardag. Gísli Gíslason mintist á hvort ekki væri heppilegra að hafa hana laugardaginn fyrstan í sumri. Þetta var svo rætt fram og til baka og var það endirinn að svohljóðandi tillaga var samþykkt í málinu. Fundur haldinn í ~~U.~~ U. M. F. H samþ. að haldinn verði skemmtun á annan í páskum og að kosin verði 7 manna nefnd til þess að undirbúa hana. Flutningsm. H. Gíslason og Stuðningsm. F. Þórhallsson."

Þetta fólk var kosið í nefndina

1. Jófríður Björnsdóttir
2. Friðbjörn Þórhallsson
3. Halldór Jónsson
4. Svanhildur Guðjónsdóttir
5. Gísli M Gíslason
6. Hermann Björnsson
7. Lilja Bjarnadóttir

Fleira gerðist ekki á fundinum um fundi slitið
Mættir voru 12 félagar
Fundarstjóri var Haraldur Gíslason
Fundarritari —„— Sveinn Guðjónsson

## Fundargjörð 18/4 '43

Aðalfundur var haldinn í U. M. F. H í Skjaldborg 18/4, 1943. Fundinum stjórnaði Halldór Jónsson í forföllum Friðriks Péturssonar.

Gjörðir fundarins voru þessar

I. Lesinn upp fundargerð síðasta fundar, borinn upp og samþykkt, með öllum greiddum atkv.

II. Lesnir upp reikningar félagsins, og samþ. án athugasemda. Hagur félagsins hafði batnað á árinu um 759.60 kr

III. Lesinn upp lög félagsins. Við sjöttu greinina kom framm ~~og~~ svohljóðandi tillaga „Aðalfundur U. M. F. H. haldinn 18/4 '43 Samþykkir að árstillag félagsm. hækki um eina ~~krónu~~ eftir að hann hefir náð 16 ára aldri. Flutningsm H. Gíslason Stuðningsm. Sveinn Guðjónsson.

Um þessa tillögu urðu töluverðar umræður, en engin breytingar tillaga kom framm. Svo hún var ~~borinn~~ borinn upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

IV. Stjórnar kosning fór fram. Formaður var kosinn Friðrik Pétursson með 12 atkv.
meðstjórnendur Friðbj. Þórhallsson með 11 atkv.
Sveinn Guðjónsson —„— 9 —„—

Varastjórn Halldór Jónsson með 5 atkv.
Anton Tómasson -"- 3 -"-
Björn Jónssom -"- 3 -"-
Endurskoðendur voru kosnir
Pétur Jónsson og
Jóhannes Stefánsson
Dómnefnd var kosin sú sama og fyrirsíðastliðið ár
V. Þá var húsmálið, sem vísað var til aðalfundar, frá fundi, sem haldinn var fyr í vetur, tekið til umræðu. Fyrstur talaði Sveinn Guðjónsson. Rakti hann aðdragandan að því máli, gat þess að það hefði fyrst þegar það var flutt í vetur, komið sem tillaga viðvíkjandi því að við tækjum kjallarann að austan til okkar eigin afnota fyrir félagið. En þar sem svo margt fleira þyrfti annað við húsið að gjöra, en fjárhagurinn erviður. Þá hefði verið litið svo á að eigi væri rétt að eiga við kjallarann fyr en hægt væri að taka allt húsið til varanlegrar endurbóta. Og nú ætti svo að ræða hvaða leið væri heppilegast að fara eftir í þessu máli.
Gat hann þess að komið hefði fram hugmynd um það að félagið gæfi út ríkisskuldabréf til þess að fá fé svo hægt væri að hrinda þessu máli í framkvæmd. Jóhannes Stefánsson tók næstur til máls. Hvað hann það ekki að mikil nauðsin væri, að gjöra eitthvað fyrir húsið, en hvað það geta orðið álitamál hvort rétt væri að fara í það, nú á þessum dýru tímum. Pétur Jónsson

tók til máls og var hann sammála því sem framm hafði komið í þessu máli.
Sveinn Ísuðjóns og Haraldur Gíslason lögðu svo hljóðandi tillögu fram í málinu, Aðalfundur U. M. F. H. haldinn í Skjaldborg 18/4, '43 samþykkjir að kjósa fjögra manna nefnd til að vinna að því með stjórn félagsins að athuga hvaða leið væri heppilegust til þess að afla fjár, svo hægt væri að standsetja húsið svo viðunandi geti talist og gjöra á áætlun, hve slík viðgerð kostaði.
Pétur Jónsson og Jóhannes Stefánsson komu með breytingar tillögu svo hljóðandi
Aðalfundur U. M. F. H. haldinn í Skjaldborg 18/4 43 Samþ. að fela stjórn félagsins hvaða leið væri heppilegust, til að afla fjár til að gjöra húsið svo úr garði að viðunandi mætti teljast og gjöra áætlun um hve slík viðgerð kosti. Þessi tillaga var samþykkt með 8 atkv gegn 2 hinir allir fundarmenn sátu hjá. Fundarstjóri til næsta fundar var kosinn Egill Jóhannsson ritari Halldór Jónsson og Jón Björns
Í málefna nefnd Pétur Jónsson Kristjan Þórhallsdóttir og Haraldur Gíslason Fleira ekki tekið fyrir Fundi slitið

# Fundargjörð

Sunnud 2. maí 1943 var fundur haldinn í U. M. F. H. Fundarstjóri var Egill Jóhannesson
Gjörðir fundarins voru þessar
I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, sem var aðalfundur félagsins. Fundargjörðin var borin upp og samþykkt án athugasemda.
II. Friðjón Þórhallsson las upp reikning viðvíkjandi skemmtun, sem haldinn var 26/4 '43
Engar athugasemdir komu fram við reikninginn var hann því borinn undir atkvæði og samþykkt.
Engin mál komu fyrir fundinn
Fundarstjóri fyrir næsta fund var tilnefndur Þorvaldur Þórhallsson, og ritarar Sveinn Ísuðjónsson og Björn Jónsson. Málefna nefnd skilaði engu af sér og sylur því kyr til næsta fundar, en hana skipa Pétur Jónsson, Kristjana Þórhallsdóttir og Haraldur Gíslason
Í skemmtinefnd fyrir næsta fund voru tilnefnd Friðjón Þórhallsson. Jófríður Björnsdóttir og Egill Jóhannesson. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið
Ritari var Halldór Jónsson

Friðjón Þórhallsson

# Fundargjörð

Fundur haldinn í U.M.F.H.
Sunnud. 14. nóv. '43 Formaður félagsins setti fundinn og stýrði honum Liðir fundarins voru þessir

I. Friðrik Pétursson tók til máls og lýsti því yfir að það yrði rætt um starfsemi félagsins í vetur. Taldi hann það mjög æskilegt ef hægt væri að koma á skemmtun fyrir jól. Þá bað hann um upplýsingar hvort félagar vildu fá leikfimiskennara fyrir jól, eða ekki fyr en eftir nýjár, svo hægt væri að gjöra ráðstafanir því viðvíkjandi

Næstur tók til máls Baldvin Ágústs Taldi hann að nú væri orðið of seint að kjósa skemmtinefnd, til þess að hægt væri að koma á góðri skemmtun fyrir jól. Þá talaði Ívar Björns Var hann því hlyntur, að reynt yrði að halda skemmtun og taldi það nauðsynlegt að kjósa duglega skemmtinefnd. Taldi hann þess að starfskraftar félagsins minkuðu eftir áramót því þá færu svo margir burtu í atvinnu.

Þá talaði Rikkharð Jóhannsson. Var hann síðasta ræðumanni samþykkur Taldi hann að málið þyrfti enga umræðu, því það hlyti að vera einbeittur vilji allra félagsmanna. Þá talaði Sveinn Guðjónsson Sagði hann að sjálfsagt væri að reyna að koma á skemmtun og það sem allra fyrst. En fremur gat hann þess að nauðsynlegt væri að leika í vetur, sagði hann að ekki væri lokið fyrir það skotið að það yrði hægt, þó ekki yrði fyr en eftir áramót

Þá talaði Friðrik Pétursson. Taldi hann að fyrst yrði að ganga frá því hvort við héldum skemmtun fyrir jól. Því naumur tími væri nú til stefnu Þá bjóst hann við að allir yrðu því samþykkir að reynt yrði að leika í vetur. Þá talaði B.Á. Sagði hann að stjórnin ætti ekki að vera kosin í skemmtinefndir. Þá talaði Friðrik Pétursson Sagði hann að þetta væri að sumu leyti rétt og gat þess að stjórnin ætti að aðstoða nefndina og skera úr ágreiningsmálum Þá kom fram tillaga frá Ívari Björnssyni

Fundur haldinn í U.M.F.H. Sunnud. 14/nóv '43 telur rétt að kjósa 5 manna nefnd, til að undirbúa vandanlega skemmtun og koma henni á ef tími leifir, ekki seinna, en á milli jóla og nýjárs eða strax um nýjári Flutn. Ívar Björn Stuðn. Sveinn Guðj.

Næstur tók til máls Rikharð Jóhannsson
vildi hann að tala nefndarmanna væri 7 en
ekki 5 eins og áður var fram komið
Þá tók til máls Baldvin Ágústsson var hann
samþykkur síðasta ræðumanni
Þá tók til máls Sveinn Guðjónsson benti hann
á að meiri örðugleikar væru að ná nefndinni
ef svo margt væri í henni þá talaði Friðrik P
var hann samþykkur síðasta ræðumanni
Þá talaði Ívar Björnsson. Þá var tillagan borin
upp og samþykkt með 12 : 1
Þá stóð upp Baldvin Ágústsson og lýsti því yfir
að hann tæki ekki kosningu í skemmtinefnd
og ekki Bergur sinn heldur
Þá fór fram skrifleg kosning
Þessir hlutu kosningu
Svanhildur Guðjónsd. 9 atk.
Ívar Björnsson 8
Jófríður Björnsdóttir 6
Rikharð Jóhanns. 7
Vernharð Sigmundsson 5

II

Er möguleiki á því að halda skemmtun fyrir
jól. Fyrstur talaði Baldvin Ágústsson og bjóst
við að geta útvegað ræðumann þá talaði
Ívar Björnsson Óskaði eftir því að fundurinn tæki
á kvörðun um hvort ekki væri hagt að koma
skemmtun á 1. des
Þá talaði Sveinn Guðjónsson og sagði að formaður
vissi hvort húsið væri laust þann dag
Sagði hann að við héldum ekki skemmtun 1. des.
ef sjúkrasjóður ætlaði að nota daginn
Þá talaði Friðrik Pétursson. Sagði hann að það væri nú
ekki sjálfsögð skylda að sjúkrasjóður hefði þennan
þennan dag og sagði í það jafnframt að U. M. F.
út um land hefðu þennan dag. Og sagði að
sér fyndist ekki rétt að sömu nefnd yrði falið að
sjá um þá skemmtun. Fundur haldinn í U. M. F. H.
samþ. 12/11 '43 Ákveðum að haldinn sé skemmtun í
félaginu 1. des, ef sjúkrasjóður Hofshrepps óskar
ekki eftir að hafa þá skemmtun, sem að undan
förnu, annar þá við fyrsta tækifæri og kjósa til
þess þriggja manna nefnd. Ritningsm. Sveinn Guðj
Slutningsm. Friðrik Pétursson

Tillagan var samþykt með þeirri breytingu, að stjórninni var falið að sjá um þessa skemmdun.

III. Þá tók til máls Friðrik Pétursson skýrði hann frá leigu á húsinu og enfremur frá samtali við Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa

Þá talaði Ívar Björnsson Taldi hann það æskilegt að þegar Lestrarfélaginu yrði sagt upp að það pláss yrði notað sem fatageymsla

Þá talaði Baldvin Ágústsson Taldi hann að nauðsinlegt væri að hækka leiguna

Þá kom fram svohljóðandi tillaga.

Fundur haldinn í U. M. F. H sunnud. 14/11 '43 Ákveður að hækka leiguna á húsinu, sem hér segir

| | |
|---|---|
| Salurinn uppi | 35,00 kr |
| Stofan og eldhúsið | 15,00 " |
| Alt húsið | 50,00 kr |

Auk hreingeringa kostnaðar

Flutningsm. Friðrik Pétursson

Stuðningsm Ívar Björnsson

Tillagan var samþykkt með samhljóða atk.

IV Þá tók til máls Sveinn Guðjónsson. Skýrði hann frá sundlaugarmálinu. Sagði að styrkur út á laugina fengist ekki meðan ekki væri gengið betur frá eignum félagsins og hvatti eindregið að hefjast handa og ganga betur frá húsinu á næsta ári.

Þá var kosið í málefnanefnd til næsta funda.

Ívar Björnsson Sveinn Guðjónsson

Þá kom fram svohljóðandi tillaga

Fundur haldinn í U. M. F. H. sunnud 14/11 '43

Ákveður að segja Kristni Erlendssyni og Lestrarf. Hofshrepps. upp leigusamningum frá næstu sumarmálum að telja

Samþ. samhljóða

Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur

Ágúst Jóhannsson Ritarar

Gunnar Baldvinsson og Þórður Kristjánsson

Fleira gerðist ekki Fundi slitið

Fundarritari var

Friðbjörn Þórhallsson

# Fundargjörð

Aðalfundur U.M.F. H. haldin 10/4 1944 í Skjaldborg. Fundinn setti formaður félagsins Friðrik Pétursson og stýrði honum.

I Níels Hermannsson bað um inngöngu í félagið og var honum veitt hún með samhljóða atkvæðum.

II Sveinn Guðjónsson las upp reikninga félagsins og lagði þá síðan fram til síns ásamt fylgiskjölum. Fór hann nokkrum orðum um fjárhags-afkomu félagsins á síðastliðnu reikn. ári og hafði hagur félagsins batnað að raun. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana og voru þeir því bornir undir atkvæði og samþykktir.

III Fundarstjóri las upp lög félagsins og voru þau samþykkt óbreytt fyrir gefin. Síðan voru fundarsköpin lesin upp og samþykkt.

IV Þá fór fram stjórnar kosning og hlutu þessir kosningu.

Sveinn Guðjónsson með 12 atk.
Friðrik Pétursson — 9 —
Níels Hermannsson — 7 —
Vara stjórn Friðbjörn Þórhallsson.
Halldór Jónsson. Pétur Jónsson. Endurskoðendur
Björn Jónsson Bæ, Hrefna Skagfjörð

V Sveinn Guðjónsson tók til máls talaði hann um skemmtisamkomu á sumardaginn fyrsta og lagði hann fram svohljóðandi tillögu.
Aðalfundur U.M.F. H. haldinn 10/4 44 leggur það til að 7 manna nefnd verði falið að sjá um undirbúning að skemmtuninni fyrsta sumardag. flutn.m. Sveinn Guðjónsson studdi m. Friðrik Pétursson. Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir atkvæði og samþykkt. Þá fór fram

skrifleg kosning í nefndina og hlutu þessir kosning
Halldór Jónsson, Þórður Kristjánsson
Svanhildur Guðjónsdóttir, Kristjana Þórhallsdóttir.
Hrefna Skagfjörð Þorvaldur Þórhallsson og

Sveinn Guðjónsson. Sveinn vildi fá
sig lausan úr nefndinni þar sem
hann væri í stjórn félagsins og sumir
sumir teldu því fram að stjórnar-
menn ættu ekki að vera í neinum
nefndum. Bar Sveinn fram tillögu
er hljóðar svo. Fundurinn samþykkir
að Sveinn Guðjónsson fái lausn úr
nefndinni og annar maður sé
valinn í hans stað. Tillagan var feld
með 8 at. gegn 4 og situr Sveinn því
í nefndinni ~~áfram~~

VI Fundarstjóri las upp bréf sem komu
höfðu borist voru það úrsagnir
úr félaginu. Hin fyrsta var frá
Ingimar Jónssyni Sauð. Var hún
mjög kurteislega orðuð og óskaði hann
félaginu gæfu og gengis á komandi árum.
Ekkert þótti athugavert við þessa
úrsögn þar sem eðlilegar ástæður
lágu til hennar. Var hún því samþykt
samhljóða.

Hinar sem sögðu sig úr félaginu
voru þessir Ágúst Jóhannsson Vernharð
Sigmundsson Marteinn Sigmundsson
Konkordia Sigmundsdóttir Friðrikka
Baldvinsdóttir Gunnar Baldvinsson
Lára Jóhannsdóttir. Þessar 7 úrsagnir
voru allar eins orðaðar og bara um
það að "undirritaður segði sig hér með
úr U. M. F. H. frá þessum degi."
Stóðust nú umræður um úrsagnir
þessar og var að endingu samþykt
samhljóða svohljóðandi tillaga
Aðalfundur U. M. F. H. haldinn 16/4 1944
fer þess á leit við félaga þá sem
sendu úrsögn á fundinn að þeir skilji
ekki við félagið á þann hátt sem
félagsmönnum virðist, heldur komi
á næst fund í félaginu og geri
grein fyrir þeirri ástæðu sem liggja
á bakvið úrsagnir þeirra.
Eftir það var fundarmönnum sam-
þykkir að taka úrsagnirnar til
greina: flutnm. Friðrik Pétursson stutmn
[illegible]

Af endingu voru sungin nokkur
Ættjarðar ljóð- Fleira gerðist ekki
Fundi slitið
Ritari fundarins Halldór Jónsson

Rúts[?] Sumarmanna[?]

Fundur var haldinn í U. M. F. H.
Sunnudaginn 11. júní 1944. kl. 5. s. d.
Gjörðir fundarins voru þessar.
Fundarstjóri Kristjana Þórhallsdóttir setti
fundinn, þar næst var lesin upp funda
gerð frá síðasta fundi. hún borin
upp og samþykt.
Fimm[?] nýjir meðlimir báðu um
inngöngu í félagið, voru það þessi
Sólveig Jónsdóttir, Guðveig Þórhallsdóttir
Jón Eiríksson. Þorvaldur[?] Guðlaugsson
Jón Þorsteinsson. Voru þau borin
upp og samþykkt. Jóna Sveinsdóttir
sem var fyrsti maður í málefnanefnd,
kom með málefni: Þess efnis að
ungmennafelagar takju sig saman
og færu einhverja skemmtiferð:
sitandi hvi þar sem fólk ferðaðist
núorðið svo mikið á bílum:
þá væri tilbreitingin meiri í
að fara á hestum. Óskaði Jóna
þess að fá að heyra undirtektir félagsmanna

Niels Hermannsson tók til máls, og kvað ekki þýða að kjósa málefni nefnd ef engin fengist til að láta álit sitt í ljósi um það sem verið væri að tala.
Hvaðst hann vera því samþykkur að þeir félagar sem ættu kost á því að fara litthvað á hestum tækju sig saman.
Friðrik Pétursson talaði og sagðist vera þessu algjörleg samþykkur og spurði einnig framsögumann hvort hún hefði hugsað sér hvert farið yrði framsögum. kvaðst lítið hafa um það hugsað, en sagði að sér hefði dottið í hug að farið yrði til Hóla
Rikharð Jóhannsson bað um orðið og sagðist vera því samþykkur sem Jóna sagði að farið yrði til Hóla
Næstur talaði Friðrik Pétursson og kvaðst ekki vera því samþykkur að farið yrði til Hóla. það sem til væru margir staðir sem félagar

hefðu sjaldnar komið á en Hóla
Friðbjörn Þorhallsson talaði og kvaðst vera því samþykkur að félagar færu eitthvað á hestum og sagði að best mundi vera að reyna að ganga frá þessu málefni á þessum fundi, til þess að ekki þyrfti að ræða það frekar.
Baldvin Ágústsson bað um orðið og talaði mikið um að skemmtilegast væri að fara fram í Skagafjörð.
Niels Hermannsson stakk uppá að farið yrði uti Hrollaugsdalsskóg eða uti Þórðarhöfða og voru margir því samþykkir. Var nú rætt um þetta aftur og fram og voru skiftar skoðanir um það hvert fara skyldi.
Svohljóðandi tillaga kom.
Fundur haldinn í U.M.F.H. samþykkir 1944 samþykkir að ungmennafélagið fari skemmtiferð í Hrollaugsdalsskóg og komi við í Þórðarhöfða.
Flutnm. Niels Hermannsson Stutnm. Friðbjörn

Tillagan var samþykkt samhljóða.
Næst var talað um hvenær væri
hentugast að fara. Munnleg tillaga
kom frá B. Á. þess efnis að farið yrði
síðasta sunnudaginn í júlí sem er 30
ef ástæður leyfðu eða næsta sunnudag
á eftir. Lagt yrði á stað úr Hofsós
kl. 8 f. h. Félagar voru og þessu
samþykkir. Þar næst var málið tekið
út af dagskrá.
Jóni Björnssyni var gefið orðið,
annar maður í málefnanefnd. Kom hann
með málefni þess efnis að æskilegt væri
að félagar reyndu að fá sér peysur
allar eins sem yrðu nokkurskonar einkenni
fyrir félaga. Tóku margir til máls
og voru flestir því samþykkir að félagar
reyndu þetta. Var svo rætt um hvernig
best væri að hafa litinn á peysunum.
Jón Björnsson talaði ~~fyrst~~ um að sér
hefði helst dottið í hug að hafa þær
bláar með einhverju merki.

B. Á. talaði næstur og sagðist vera því
samþykkur að félagar fengju sér svona
peysur en hvorki umfremur vilja að
félagar þyrftu þær sjálfir. F. P. og Þorm. G.
töluðu og sögðu að betra mundi
vera að panta peysurnar fyrir einhvern
þjónustu. Munnleg tillaga kom þess
efnis hvort félagar vildu fá sér peysur
eða ekki. Félagar voru því samþykkir
að reynt yrði að fá peysurnar.
Var nú talað um þetta mál aftur og
fram. Voru mjög skiptar skoðanir um
hvernig liturinn skyldi vera á peysunum.
B. Á. bað um orðið, mynntist hann á
það að félagar þyrftu fyrst að athuga
hvað peysurnar kæmu til með að
kosta áður en þær yrðu pantaðar.
Þorm. G. talaði á móti B. Á. og sagðist
álíta að ef félagar á annað borð
ætluðu að fá sér svona peysur sem
nokkurskonar einkenni, þá yrðu þeir að
að setja þær fyrir sig þótt þær yrðu

tu krónum dýrari eða ódýrari
Tvær tillögur komu svo fyrir svona.
Fundur haldinn í U.M.F.Dl. sunnu 11 júní
1944 f hefir þegar samþykkt að kaupa
peysur til einkennis fyrir félagsstarfsemi
hér og mun að bera fram svohljóðandi
tillögu. Peysan verði blá að lit með
flibba kraga reimuð í hálsin. reynt
verði að fá íslenska fánann ofan
stafina U.M.F.Dl. í hvern horn;
Annars skal prjóna rauðan kross í
peysuna hvíta stafina U.M.F.Dl. í
hvern kraka. Flutnm. Níels Kr. stm. Sveins
þessi tillaga var samþykkt með
16 at. gegn 3 at..
Hin tillagan var svohljóðandi
þar sem fundurinn samþykkir að
kaupa peysur ákveður fundurinn
að kaupa eftir fengnu útliti á peysum.
Fyrir karlmenn sé aðalliturinn blár
með rauðum kross og hvíta stafi. fyrir
kvenfólk sé aðalliturinn rauður með

bláan kross og hvíta stafi. Flutnm.
Þorm. Gutlaugsson stutnm. Jófríður Björnsd.
Tillagan var felld með 11 at. gegn 9 at.
Þá næst var málið tekið út af dagskrá
þriðja máðurinn á málefnaskrá Halldór J.
kom með svohljóðandi málefni.
„Hvað er besta eign Öskumannsins"
þar sem fundurinn var orðinn svo
langur og lúast mátti við miklum
umræðum um þettað mál, var
samþykkt að fresta því til næsta
fundar. Friðrik Pétursson bað um orðið
og gat þess að félagið þyrfti að leggja
til fjórar stúlkur til að selja merki
á væntanlegum hátíðahöldum á
Sauðárkróki 17 júní n.k. og tvo
gæslumenn. Fundurinn samþykkti
að kjósa skriflega. þær stúlkur
sem [illegible] kosningu voru þessar
Jófríður Björnsdóttir 16 atk
Solveig Jónsdóttir 14 –
Jóna Sveinsdóttir 11 –
Kristjana Þórhallsd. 10 –

Gastumenn voru komnir þeir Niels Herm
og Björn Jónsson Bæ.
Svohljóðandi tillaga kom.
Fundurinn samþykkir að allir við- I
staddir lyfti sér upp og fari inná
bakka og hlaupi þar í skotið í 1/2 tíma II
Flutnm. Sólveig J. studnm. Jófríður B.
Tillagan var samþykkt samhljóða.
Formaður stakk uppá Jóni Þorsteinssyni
sem fundarstjóra á næsta fundi.
Hann kaus ritara Friðbjörn Þórhallsson
og Sólveigu Jónsdóttir.
Málefnanefnd. Þormóður Guðlaugsson
og Jófríður Björnsdóttir. Sungin voru
nokkur ættjarðarlög.
Þar næst var fundi slitið kl. 21.
Svanhildur Guðjónsdóttir
fundarritari

Niels Hermannsson

Sunnudaginn 27/8 '44 var fundur haldinn
í U.M.F.H.
Gjörðir fundarins voru sem hér segir:
Lesin upp fundargerð síðasta fundar,
hún borin upp og samþ.
Rætt um væntanlega breytingu á
Skjaldborg. Framsögum. Halldór Jónsson
Sagði hann að nauðsinlegt væri að við
reindum að kaupa gólf í húsið,
sagði hann að þetta væri mjög nauðsinl.
að fara vera í þetta það allra fyrsta.
Þá talaði hann um að æskilegt væri
að breiting færi fram inná salnum
þannig að kompan og gangurinn
yrðu tekin af og salurinn stækk-
aður sem því svaraði.
Þá tók til máls Jófríður Björnsdóttir
Sagðist hún vera samþykk síðasta
ræðumanni.
Næstur talaði talaði Friðbjörn Þórhallss:
var hann samþ. síðustu ræðumönnum.
Gat hann þess að ekki mynd verða

tilfinnanlegur kostnaður við breytingar
á salnum. Þá sagði hann að nauð-
synlegt væri að koma upp forstofu.
Næstur talaði Rikharð Jóhannsson.
Var hann á sama máli og síðasti ræðum.
Þá talaði Halldór Jónsson. Skýrði hann
frá því, að meiningin væri að nota
milligerðina og gamla-gólfið í
fyrirhugaða forstofu.
Þá talaði Jófríður Björnsdóttir. Sagði hún
að kvenfólkið myndi verða fúst til
að leggja fram vinnu, af sínum
parti ef til þess kæmi að farið yrði í
slíkar framkvæmdir. Þá talaði
Rikharð Jóhannsson. Taldi hann að
þetta væri mjög nauðsynlegt að
farið yrði í það við fyrsta tækifæri.
Þá tók til máls Svanhildur Guðjónsdóttir.
Var hún samþykk því sem áður var
framkomið. Sagði hún að æskilegt
væri ef tök væru á að hafður væri
gangur úr forstofunni og niður í kaffi-

stofuna. Gat hún þess að mikil óþægindi
væru af því að þessi gangur skyldi ekki vera.
Þá talaði Jófríður Björnsdóttir. Sagðist hún
vera sammála síðasta ræðumanni.
Þá talaði Rikharð Jóhannsson. Var hann
því mótfallinn að samgangur yrði
úr forstofunni og niður.
Þá talaði Ebba Jóns. Sagðist hún vera
því samþykk að reynt yrði að kom
þessum gangi á.
Þá talaði Baldvin Ágústsson. Var hann samm
síðasta ræðumanni.
Þá talaði Friðbjörn Þórhallsson. Sagði hann
að æskilegast hefði verið ef hægt væri að
koma samgangi á, en sagðist ekki telja
það neinn tiltök eins og nú stæði sakir.
Þá talaði Svanhildur Guðjónsdóttir.
Sagði hún að sér fyndist mikill mögu-
leiki á því að samgangur þessi
kæmist á og nauðsynlegt væri það
að sama skapi. Þá kom fram svo-
hljóðandi tillaga:

Fundur haldinn í U.M.F.Ö. sunnud. 28/8 44
samþykkir að kosin verði þriggja manna
nefnd. til að annast undirbúning og innkaup
á efni og möguleika á því hvort hægt
verði að koma á gangi úr forstofunni og
niður í skólastofuna Flutnm. Friðbjörn Þórh
Stnm. Halldór Jónsson.
Tillagan var samþykkt með öllum
greiddum atkv.
Þeir sem hlutu kosningu voru
Halldór Jónsson. Jón Björnsson. Friðbjörn Þórhalls
Málið tekið útaf dagskrá
III Friðbjörn Þórhallsson tók til máls. Sagðist
hann að sig langaði til að heyra álit
fundar manna á því hvort þeim
fyndist ekki æskilegt að við reyndum
að hafa skemmtun fyrir göngur
Næstur talaði Baldvin Ágústsson
sagðist hann vera því samþ. sem
síðasti ræðum. hafði sagt.
Þá tók til máls Halldór Jónsson.
Var hann því samþ. að haldin
yrði skemmtun og vildi að hún yrði
höfð viku fyrir göngur.
Þá talaði Rikharð Jóhannsson
var hann því samþ. sem fram hafði
komið í þessu máli. Þá var gengið
að því að kjósa í skemmtinefnd.
Þeir sem hlutu kosningu voru.
Jófríður Björnsdóttir
Svanhildur Guðjónsdóttir
Kristjana Þórhallsdóttir
Halldór Jónsson
Friðbjörn Þórhallsson.
Fundar stjórn til næsta fundar var
tilnefndur. Jófríður Björnsdóttir
og nefndi hún sem ritara
Kristjönu Þórhallsdóttir Fleira gerðist
ekki fundi slitið. Fundarstj. var Rikharð J.
Ritari Friðbjörn Þórhall

Níels Hermannsson

Fundur haldinn í U.M.F.Hl.
Sunnudaginn 30/4 '44.
Málefni fundarins voru.
I Tveir nýjir meðlimir báðu um inntöku í félagið þeir Hjalti Gíslason og Bragi Jósafatsson.
Voru þeir bornir upp og samþyktir.
II Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt samhljóða.
III Friðrik Pétursson gerði fyrirspurn til Ágústs Jóhannssonar og spurði eftir fyrir hvaða ástæðu hann hefði gengið úr U.M.F.Hl. Ágúst svaraði og sagðist hafa gengið úr U.M.F.Hl. fyrir leikfimina í vetur. Sagð að Friðrik Pétursson hefði strax viljað segja sér hvað kostnað það mundi hafa í för með sér að vera í leikfimini. Þá tók til máls Niels Hermannsson. Þakkaði hann Ágúst fyrir að hafa mætt á fundinum og gert grein fyrir sinni málstað. Næstur talaði Gunnar Baldvin. Skýrði hann frá því að hann hefði gengið úr U.M.F.Hl. fyrir þá ástæðu að stjórnin hefði oft logið að sér og tók til dæmis fyrirhugaða skemmtiferð í fyrrasumar. Ennfremur drap hann á sömu ástæðu og Ágúst J. Þá var borin upp úrsögn Ágústs J. og var hún samþykkt með 11 atkv. á móti 1.
Þá var borin upp úrsögn Gunnars B. og samþykk með 10:1 atkv.
Þá tilkynnti Friðrik Pétursson að þeir væru ekki lengur félagar í U.M.F.Hl. og bað þá að gjöra svo vel að ganga af fundi.
IV Halldór Jónsson las upp reikninga frá síðustu skemmtun. Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir samhljóða.
V Níels Hermannsson tók til máls. Gat hann þess að æskilegt væri að U.M.F.Hl. tæki þátt í hátíðahöldum sem fram eiga að fara á Sauðárkróki 17. júní n.k. Með því að við reyndum að senda þangað íþróttaflokk og ennfremur að

reynt yrði að fjölmenna þangað og
allir félagar U.M.F.St. yrðu samferða
þangað. Næstur talaði B.Á. sagði hann
að U.M.F.St. hefði enga krafta til að sýna
leikfimi. Sagði hann að það gæti verið
með einn mann að hann gæti sýnt
kaststökk. en sagðist jafnframt hugsa
að hann fengist ekki til þess. Þá tal-
aði Friðbjörn Þórhallsson. Sagðist hann
ekki vera samþykkur síðast ræðum.
sagði að U.M.F.St. hefði yfir töluverðum
leikfimis kröftum að ráða og með góðri
Æfingu fram að þeim tíma myndum
við geta verið með. Þá gat hann þess
að mikið væri undir því komið að
nægileg þáttaka fengist. Friðrik Pétursson
tók til máls kvaðst hann vera því sam-
þykkur að við fjölmenntum þangað og
að reynt yrði að efla íþrótta-flokk
sem tæki þátt í mótinu. Þá talaði
Níels Hermannsson sagði hann að best
myndi verða að kjósa tvo til þrjá

menn. til að sjá um æfingar fram að þeim
tíma sem mótið yrði. Þá talaði B.Á.
var hann samþ. síðasta ræðumanni.
Halldór Jónsson tók til máls. Sagðist hann
vera því samþ. að leikfimis flokkur
yrði æfður, en hvað skemmti ferðina
snerti gat hann þess að ekki væri
heppilegt að fara í hana næstu daga á
undan. Því þá yrðu þeir sem ætluðu
að taka þátt í mótinu ver fyrir það
kallaðir. Þá gat hann þess að sig langaði
til þess að farið yrði norður í Vaglaskóg
þegar aðal skemmti förin yrði farin.
Þá kom fram svo hljóðandi tillaga
Fundurinn samþ. að fundarstjóri stingi
uppá 3 mönnum. til að sjá um að
æfður verði íþrótta flokkur fyrir 17 jún
Fl. Níels Hermannsson. Friðrik Pét.
Tillagan var samþ. samhljóða.
Þeir sem kosnir voru, voru þessir
Halldór Jónsson. Friðbjörn Þórhallsson
og Þórður Kristjánsson

Þá bar Friðrik Pétursson upp munnlega tillögu svo hljóðandi. Fundurinn samþ. að fánin verði hafður frá U.m.f.R. 17 júní n.k. Samþ. sam hlj.

VI. Málefna nefnd skipa
1. Jóna Sveinsdóttir
2. Jón Björnsson
3. Halldór Jónsson
Fundarstjóri til næsta fundar var kjörin Kristjana Þórhallsdóttir. til nefndi hún ritara. Svanhildi Guðjónsdóttir og Hrefnu Skagfjörð
Skemmtinefnd 1. Bára Vilhjálmsdóttir
2. Haraldur Jóhannsson
3. Þorvaldur Þórhallsson

VII Þá voru umsagnir þær er fyrir lágu frá aðalfundi teknar til athugunar og kom fram svohljóðandi tillaga: Því máli fundarinn samþ. að umsagnir þær er fyrir liggja frá aðalfundi sem teknar til greina. samþ. með 15 atk.: Þá var samþ. svohljóðandi tillaga.

Fundurinn samþ. að U.m.f.R. kaupi Íslenska fánann.
Þá beiddist einn nýr meðlimur eftir inntöku í félagið og var hann borinn upp og samþ. var það Ólafur Þorsteinsson
Þá kom fram svohljóðandi tillaga:
Fundur haldinn í U.m.f.R. 30/4. '44 lýsir félagið fúsi til að leggja fram krafta sína eftir því sem á stendur leggja til aðstoðar nefnd þeirri er falið hefur verið að sjá um kosningar hér í sveit 20-24 maí n.k. Flm. Friðrik Pétursson Stm. Niels Hermannsson. Samþ. samhljóða.
Að endingu voru sungin nokkur ættjarðarljóð. Fleira gerðist ekki á fundinum.
Fundi slitið kl. 18$^{30}$
21. félagsmenn voru mættir á fundinum.

Fundarritari
Friðbjörn Þórhallsson

Niels Hermannsson

# Fundargjörð.

Aðalfundur U.M.F.H. laugardag 27/1. '45.
Fundurinn hófst kl. 4½ ed.
Friðrik Pétursson setti fundinn og
stjórði honum.
1. 13 nýjir félagar sóttu um inngöngu.
Þeir bornir upp og samþykktir.
Þeir voru þessir:
Gunnar Baldvinsson, Ágúst Jóhannsson,
Sigurður Þorsteinsson, Jóna Jóhannsd.
Björn Guðnason, Alfreð Björnsson, Sigfús Stefánsson,
Ragnar Þóroddsson, Sigurbjörn Magnússon,
Guðm. Kristjánsson, Jón Sigurðsson,
Valdimar Björnsson, Guðjón Jónasson.
II. Gjaldkeri félagsins las upp reikninga
félagsins og skýrði þá. Líney Kristinsd.
bað um orðið, og sagði hún að ekki
væri hægt að samþykkja reikningana,
þar sem endurskoðandinn væri fjarver-
andi og reikningarnir hefðu ekki verið
komnir til þeirra á tilsettum tíma.
Og kom hún með svohljóðandi tillögu:

Hér með gjöri ég það, að tillögu minni, að
reikningarnir verði ekki samþykktir á
þessum fundi. stm. Baldvin Ágústsson.
Tillagan borin upp, og felld.
En stjórnin ákvað að fresta atkv. greiðslu.
III. Þá voru lögin lesin upp og rædd.
1. gr. Samþykkt breytingarlaust.
Tölverðar umræður urðu um a lið
annarar greina, en að síðustu var
greinin borin upp, og samþykkt óbreytt.
3. gr. Borin upp og samþykkt samhljóða.
4. — " — — " — — " —
5. — " — — " — — " —
6. gr. Þá kom fram breytingartillaga við
hana og var hún borin upp og samþ.
samhlj. og hljóðar þá svo.
Við inngöngu í félagið greiði hver
(~~félagi~~) umsækjandi kr. 2.00. Ennfremur
greiði þeir sem komnir eru yfir 16 ára
aldur kr. 5.00 árstillag. Unglingar
16 ára og yngri kr. 3.00 fyrir sextemptu-
mánaðarlok hvert. Flm. Friðrik Pétursson
stm. Níels Hermannsson.

7. gr. lesin upp og samþ. samhljóða.
8. – — " — — " —
9. – — " — — " —
10. – — " — — " —
11. – — " — — " —
12. – — " — — " —
13. – — " — — " —
14. – — " — — " —
15. – — " — — " —
16. – — " — — " —

IV. Fundarsköpin lesin upp og rædd.
Svohljóðandi breyting var gerð á 1. gr.
Fundur verður ekki haldinn ef ekki
eru mættir ¼ félagsmanna. Fltm.
Níels Hermannsson. Stm. Friðrik Pétursson
Aðrar liðir gr. samþ. án breytingar.

V. Þá voru lesnar upp þeir er sóttu um
inntöku. Samþ. samhljóða. Sveinn Jóhannsson
Guðrún Jóhannsd. Konráð Sigmundsson
Friðrikka Baldvinsd.

VI. Ívar Björnsson tók til máls, sagði að
nokkrir áhugasamir menn hefðu tekið

sig saman á s. l. vori, til fjársöfnunar
til skyrbkar fyrirhugaðri sundlaug, sem
mjög væri aðkallandi að komið væri upp
hér á staðnum. Meðal annars sagði
hann, að ef notað yrði vatn frá
Frystihúsinu, þá yrði olíubragð af því,
en hægt yrði að ná því, með því að
setja saman við það klór.
Næstur tók til máls Baldvin Ágústsson
Þá talaði Líney Kristinsdóttir,
sagði að nauðsynl. væri að allir
félagarnir stæðu nú saman að þessu
nauðsynjamáli, svo hægra yrði að fram-
kvæma það.
Þá talaði Ívar Björnsson, var hann
á sama máli og síðasti ræðumaður.
Næst talaði Friðrik Pétursson.
Skýrði hann frá að íþróttafulltrúi
hefði athugað þetta í vor, og hefði
sagt þetta mjög æskilegt, að öðru leyti
en því, að vatnið yrði af skornum
skammti. En í viðtali við K. Kristinsson

hefði það upplýst, að hægt væri að
auka vatnsmagnið með litlum
kostnaði. Þá talaði Líney Kristinsd.
Gat hún þess, að nú ættu allir
félagar að sýna embættum vilja sinn
og leggja fram ríflegt gjafadagsverk.
Þá talaði Þór Björnsson, sagði hann
að tilgangur með ~~að~~ tillögu sinni sem hann hefði lesið uppi
byrjun ræðu sinnar, hefði verið sá að
nefndinni yrði falið að ganga um með lista
og safna gjafadagsverkum, og sjá um
annan undirbúning þess.
Þá talaði Níels Hermannsson. Sagðist
hann vera þessu samþykkur sem fram
hefði komið, og sagðist telja það fyrsta
sporið, að reynt yrði að afla sér upplýsinga
um kostnaðar hliðina á þessu máli.
Þá talaði Líney Kristinsd. Sagðist hún
telja þetta það mikið nauðsynjamál
að ekki (~~yrði hjá~~) væri ólíklegt að
önnur félög hér á staðnum mundu láta
eitthvað af hendi rakna. Þá gat hún þess

að hún skyldi fara þetta í tal á fundi
hjá Verkakvennafélaginu og heyra hvernig
undirtektir yrðu.
Þá kom fram svohl. tillaga.
Fundur haldin í U.M.F.K. laugard. 27/1. '45
samþykkir að kjósa 5 manna nefnd til
að undirbúa sundl. bygginguna, hér á staðnum
nú á komandi vori. Flm. Þ. Bj. stm. Þ. Kristjáns.
Tillagan borin upp og samþykkt.
Þeir sem hlutu kosningu voru:
1. Þórður Kristjánsson.
2. Þór Björnsson.
3. Sig. Jóhannsson.
4. Gunnar Baldvinsson.
5. Ágúst Jóhannsson.

VII. Þá fór fram stjórnarkosning.
Þeir sem hlutu kosningu voru:
1. Halldór Jónsson 33 atkv.
2. Friðbjörn Þórhallsson 32 —"—
3. Níels Hermannsson 31 —"—

Varastjórn: Jófríður Björnsdóttir. 32 atkv.
Þórður Kristjánsson 31. —"—
Friðrik Pétursson 30 —"—

VIII. Endurskoðendur voru kosnir þeir sömu og í fyrra, en þeir voru Björn Jónsson Bæ og Hrefna Skagfjörð Hofsósi.

Í dómnefnd voru kosnir:

1. Líney Kristinsd.
2. Halldór Jónsson.
3. Friðrik Pétursson.
4. Þorvaldur Þórhallsson.
5. Jón Þorsteinsson.

Þá var kosin 3. manna húsnefnd.

1. Vafur Þorsteinsson
2. Baldur Sigurðsson.
3. Ágúst Jóhannsson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Fundarr. Friðbjörn Þórhallsson

Níels Hermannsson.

Sunnud. 18/2 '45 var fundur haldinn í U.M.F.H. kl. 4.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. liður. Lesin upp fundargjörð frá aðalfundi, og samþykkt. Björn í Bæ tók til máls og gaf ~~[illegible]~~ skýringar á nokkrum atriðum fundargjörðar.

2. -- Inntökubeiðnir komu frá Sigurborgu Bjarnad. og Sólbergi Björnssyni, voru þær bornar upp og samþykktar.

3. -- Níels Hermannss. lagði fram í tillöguformi svohljóðandi sundurliðaðan taxta fyrir húsláni 1945.

Allt húsið á Kr. 140.00 með hita og hreingerningu
Salurinn - -- 95.00
Stofan & eldhús -- 45.00
Stofan á kr. 30.00 eldhús á kr. 15.00 (án hita).

Þó skal stjórninni heimilt að lána húsið upphitunarlaust fyrir kr. 30.00 minnst gjald, en annað sem ofan er skráð. Sjái stjórnin ástæðu ~~fyrir~~ til að slá af þessum taxta, fyrir minni samkomur,

skal henni það heimilt.
Um þetta urðu tals-verðar umræður, og töldu menn áður greindar (~~umræður~~ fitji) ekki lagi mega vera, þegar um stærri samkomur væri að ræða.
Var tillagan því næst borin upp og samþ. með 11 atkv. ÷ 3 atkv.

4. liður. Níels skýrði frá því, að Verkam. f. vildi fá húsið til fundarhalda (stofuna niðri) og einnar innbyrðisskemmtunar (allt húsið) fyrir kr 60.oo ársleigu.
Borið upp og samþ. með 7 atkv ÷ 5 atkv.

5. l. – Jófríður Björnsdóttir tók til máls og skýrði frá því, að við ættum von á leikf. kennara, og þeir sem taka vildu þátt í kennslunni gæfi sig fram við stjórnina.

6. – – . Tillaga kom fram á fundinum samþ. að kosin yrði 5 manna nefnd, til undirbúnings skemmtunum, sem halda ætti á næstunni.
Flm. Níels Hermannsson. Stm. Jófr. Björnsd.
Borin upp og samþ. Kosningu hlutu þessir:
Hermann Björnsson 6 atkv. Ásgeir Jónsd. 6 atkv.
Björn Jónsson 6 atkv. Jóhann Gíslas 6 – – Páll Sveinss. 6 atkv. Varamenn: Alfreð Björnsson 4 atkv. Ágúst Jóhannsson 4 atkv. Gunnar Baldvinsson 4 – –

7. liður. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstj: Sigfús Gíslad.
Ritarar: Ingibjörg Jónsd. Gunnar Baldvinsson.
Málefnanefnd: Páll Sveinsson, Ágúst Jóhannsson, Alfreð Björnsson.
Skemmtin: Hermann Björnsson Jóhann Gíslason, Níels Hermannsson.

Fleira gerðist ekki á fundinum, fundi slitið.
Mættir voru 16 félagar.
Fundarstj. Jófríður Björnsdóttir.
Fundarr. Þórður Kristjánsson.

Níels Hermannsson

# Fundir haldnir í U.M.F.H.

Sunnud. 18/3. 1945.

Fyrsta mál á dagsskrá.
Lesin fundarskrá frá næsta fundi og samþ. samhljóða.
Jófríður Björnsd. las upp bréf frá U.M.S.S. sem U.M.F.H. hafði borist.
Næstur tók til máls Níels Hermannsson og sagði hann að sér fyndist sjálfsagt að senda mann á Sambandsþingið, sem halda ætti á Sókr.
Tillaga kom frá Nielsi Herm. svohljóðandi: Fundarm. samþ. að að fela stjórninni, að semja ályktanir í anda fundarins, sem sendar verða á aðalf. S.U.F.S.
Flm. Níels Herm. Stm. Þórður Kristjánsson.
Baldvin Kristjánsson tekur til máls, og talar um nauðsyn fundarins, að tekið opið til máls um málið sem er á dagsskrá. Fundarm. tekur til máls og láta í ljós samþykki sitt, til þess að fá söngkennara til félagsins, og eins að fá vissan íþróttakennara til sambandsins. Fundarmaður telur það ekki nægilegt að hafa mánaðar kennslu í íþróttum á hverjum vetri.
Tillaga Níelsar var samþ. samhljóða.
Þessir fulltr. voru kosnir á Sambandsþingið:

Aðalm.
Þórður Kristjánsson
Jófríður Björnsdóttir.
Níels Hermannsson.
Sigríður Friðriksdóttir.
Björn Jónsson Bæ.
Gunnar Baldvinsson.

Varam.
Hrefna Skagfjörð.
Guðbjörg Þorvaldsdóttir.
Arnbjörg Jónsdóttir.

Kosin var skemmtin. og í henni voru:
Hrefna Skagfjörð.
Jófr. Björnsdóttir.
Sigríður Friðriksdóttir.
Bergur Baldvinsson.
Gunnar Baldvinsson.

Níels Hermannsson.
Pétur Kristjánsson.
Fundarstjóri fyrir næsta fund var kosin:
Kristjana Straumfjörð,
Varaf. stj: Arnbjörg Jónsdóttir.
Ritari: Baldur Kristsson.
Varar. Pétur Kristjánsson.

Fundinum var slitið með því að syngja eitt lag.

Fundarritari Arnbjörg Jónsdóttir.

Níels Hermannsson.

# Fundur haldinn í U. M. F. H. sunnud. 24. júní 1945.

Málefni fundarins voru þessi.

I. Rætt um væntanlega skemmtiferð Félagsmanna.
Framsögumaður Halldór Jónsson.
Gat hann þess að á fundi í vor, hefði það verið ákveðið að félagar tækju sig saman og færu í skemmtiferð í sumar, sagði hann að nú færi að líða að þeim tíma, sem heppilegast myndi að fara í slíka ferð.
Þá gat hann að nauðsynlegt væri að heyra álit fundarmanna um það hvert ferðinni væri heitið, og hvenær lagt yrði af stað.
Þá tók til máls Friðrik Pétursson, gat hann þess, að hann hefði ekki verið á þeim fundi í vor, er þetta mál var rætt. Sagði hann að sér hefði heyrst á öllum, sem við sig hefðu talað um þetta mál, að mestur

áhugi mun vera fyrir því, að komast í Vaglaskóg. Kvaðst hann sjálfur vera því samþykkur, að farið yrði þangað, eða alla leið austur í Ásbyrgi. Hvatti hann nú alla til að láta álit sitt í ljós.
Þá talaði Ingimar Hróbjartsson, var hann samþ. síðasta ræðumanni.
Þá tók til máls Halldór Jónsson. Þótti honum fremur daufar umræður um málið, og bað sem flesta fundarm. að segja álit sitt.
Gerði hann ráð fyrir að hægt yrði að fá nægan bílakost, ef vegg samlega væri að því gengið.
Þá talaði Jófríður Björnsd. var hún því samþykk að farið yrði, og það sem fyrst. Taldi hún að æskilegt væri að afla sér upplýsinga um kostnað, því sköð gæti, að margur yrði fúsari til farar ef hann vissi svona hér umbil, hvað kostnaðurinn yrði.

Næstur talaði Friðr. Pétursson, gerði hann ráð fyrir að það yrði ekki neinum þyrnir í augum þótt ferðin yrði tölvert kostnaðarsöm, því til mikils væri að vinna, og ferðin hlyti að verða mjög ánægjuleg. Þá tók til máls Ingimar Hróbj. var hann samþykkur síðasta ræðumanni, og sagði að sitt álit væri, að best mundi verða að fela stjórninni allan undirbúning þess.
Friðrik Pétursson tók til máls og sagði að nú væri hver síðastur fyrir fundarmenn að láta til sín heyra, því of seint yrði að mótraddir létu til sín heyra þegar búið yrði að samþykkja tillögu í þessu máli.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga.
Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnud. 24/6 '45 samþykkir, að farin verði skemmtiferð austur í Þingeyjarsýslu um næstu helgi, ef nægileg þátttaka fæst.
Fltm. Friðr. Pétursson Stm. Halldór Jónsson.

Tillagan korin upp og samþykkt.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga.
Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnud. 24/6. 45.
samþykkir að kosin verði 3ja manna
nefnd til að undirbúa væntanlega
skemmtiferð.
Flm. Friðr Pétursson
st.m Friðbjörn Þórhallsson.
Tillagan korin upp og samþykkt.
Þeir sem hlutu kosningu voru:

1. Jófríður Björnsdóttir.
2. Gunnar Baldvinsson.
3. Sigmar Hróbjartsson.

Varamenn.

1. Egill Jóhannesson.
2. Þorvaldur Þórhallsson.
3. Pétur Kristjánsson.

II. Þá kom fram skrifleg beiðni frá

Sólveigu Jónsdóttur Hrunastaðakoti um
inntöku í félagið og var hún borin upp
og samþ. samhljóða.

III. Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur
Þorvaldur Þórhallsson og nefndi hann
ritara þá Egill Jóhannesson og
Pétur Kristjánsson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Fundarritari var

Friðbjörn Þórhallsson.

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 14 okt. 1945 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.
Þórður Kristjánsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Fundargjörð frá síðasta fundi ekki fyrir hendi og því gengið til dagskrár.

## Gjörðir fundarins voru:

I. Borin upp inntökubeiðni frá Óla Þorsteins. og var hún samþ. samhljóða.

II. Vetrarstarfsemi félagsins, framsögumaður Halldór Jónsson. Ræddi nauðsyn þess að afla félaginu tekna, og með hvaða hætti það væri auðveldast. Taldi hann æskilegt að hafist væri að leika Skugga-Svein nú mjög bráðlega. Einnig ræddi hann um hvort heppilegt mundi vera að kjósa nefnd fyrir hverja skemmtun eða fela einni nefnd að starfa allan veturinn. Eftir að málið hafði verið all ítarlega rætt, komu fram svohljóðandi tillögur.

I. Fundurinn samþ. að kjósa 7 manna nefnd til að undirbúa sýningu á Sk. Sveini sem allra fyrst.
Flm. Friðrik Pétursson. St.m. Jón Þorsteinsson.
Var hún samþ. samhljóða, og hlutu kosningu

1. Svafa Gíslad. með 15 atkv.
2. Þórður Kristjánsson – 12 – –
3. Jón Þorsteinsson – 12 – –
4. Hrefna Skagfjörð – 10 – –
5. Friðr. Pétursson – 9 – –
6. Gunnar Baldvinsson – 8 – –
7. Egill Jóhannsson – 8 – –

Til vara.

1. Rikharð Jóhannsson – 7 – –
2. Ólafur Þorsteinsson – 7 – –
3. Óli M. Þorsteinsson – 5 – –

II. „Fundurinn samþ. að fela stjórn félagsins að skipa 3, 7 manna nefndir er starfa að því að afla félaginu tekna á komandi ári. Sé starfsemi nefndanna sem hér segir.

1. Frá veturnóttum til áramóta.
2. - áramótum til sumarmála
3. - sumarmálum - veturnótta.

Skal stjórnin ekki eiga sæti í nefndum, heldur vera sjálfkjörin til samstarfs. Skal stjórnin hafa skilað af sér eigi síðar en viku fyrir veturnætur".

Flm. Friðr. Pétursson
Stm. Egill Jóhannesson.
Samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

Á fundinum voru mættir 20 félagsmenn.
Skosið störfslið til næsta fundar.

Fundarstj. Jón Bjarnason.
Teljarar. Óli Þorsteinsson og Svafa Gíslad.
Málshefjar. Baldvin Kristjánsson. Níels Hermannsson
Gunnar Baldvinsson.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Fundarritari Friðrik Pétursson.

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 11. nóv. 1945 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.

Þetta gerðist á fundinum.

I. Sjöfn Þorsteinsdóttir bað um upptöku í félagið. Var það borið upp og samþykkt.
Einnig kom fram skrifleg inntökubeiðni, svohljóðandi.
„Eg undirritaður óska eftir inntöku í Ungmennafélagið á Hofsósi."

Bernharð Sigmundsson.

Var það borið upp og samþykkt.

II. Lesin upp fundargjörð frá því í sumar og samþykkt.

III. Bornir fram reikningar, frá því á

Skugga-Sveinn var leikinn, og samþykktir án breytinga.

IV. Halldór Jónsson las upp reikninga frá fyrra ári, sem ekki voru samþykktir þá, vegna þess, að þeir höfðu ekki komið nægilega snemma til endurskoðenda. Voru þeir samþ. án breytinga.

V. Halldór Jónsson flutti framsöguræðu um það, hvort fundarmönnum fyndist ekki eðlilegt að U.M.F.H. byði Pálu Pálsdóttur og Þorsteini Hjálmarssyni á leiksýninguna á Sauðárkrók „Gift eða ógift" vegna óeigingjarns starfs á undanförnum árum í þágu félagsins.
Urðu miklar umræður um þetta, og vildu ýmsir láta bjóða fleirum, sem mikið höfðu unnið í þágu félagsins, og ekki eru í félaginu, og aldrei vildu taka neitt fyrir starf sitt.
Tillaga kom fram á þessa leið.

Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnud. 11/11 '45 að bjóða ef ástæður leyfa eftir-töldu fólki á sjónleikinn „Gift eða ógift" sem sýndur verður í vetur á Sauðárkróki, og sýna þessu fólki með því lítinn þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins á fyrri árum.
Frú Pálu Pálsdóttur
Hr. Þorsteini Hjálmarssyni.
" Sigmundi Baldvinssyni og frú
" Birni Jónssyni og --
" Steinþóri Jónssyni. " --
Skal formaður félagsins fara sem fulltrúi þess, og vera fararstjóri."

Ft. m. Friðrik Pétursson.
St. m. Níels Hermannsson.

Einnig kom fram breytingartillaga frá Halldóri Jónssyni og Þorst. Ársæl Jónssyni um að bjóða aðeins Pálu og Þorsteini. Var hún borin upp og feld með 8 atkv. - 5 atkv.

Var síðan borin upp hin tillagan, og hún samþykkt, með 10 ÷ 1 atkv.
Þar næst var kosinn vara-faraustj. og hlaut kosningu Friðrik Pétursson.
Var málið síðan tekið út af dagskrá.
VI. Fundarstjóri næsta fundar var kosinn Ólafur Þorsteinsson.
Ritarar: Halldór Þórhallsson og Jón Þorsteinsson.

Skemmtinefnd:
Friðbjörn Þórhallsson
Þórður Brisejánsson
Soffa Gísladóttir.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið

Ritari. Soffa Gíslad.

Níels Hermann

# Fundargjörð.

Aðalfundur U.M.F. H. haldinn í Skjaldborg, sunnudaginn 20/1 1946.

Fundinn setti formaður félagsins Friðbjörn Þórhallsson og stjórði honum.

I. Mál. Gjaldkeri Halldór Jónsson las upp endurskoðaðan reikning félagsins fyrir árið 1945.
Umræður um reikninginn urðu engar, og var hann samþ. samhljóða.
II. — (~~Lesin upp lög félagsins~~).
Eignalisti félagsins var lesin upp og samþ. samhljóða.
III. — Lesin upp lög félagsins.
I. gr. Samþ. samhlj.
II. gr. — með 15 atkv. gegn 3.
III. — — samhljóða.
IV. — — —
V.–XVI. gr. — —

IV. Mál. Lesin upp fundarsköp félagsins, og samþykkt.

V. Kosning á 3 mönnum í stjórn félagsins. Áður en gengið var til atkvæða bað Níels Hermannsson um orðið og ~~bað~~ kvaðst ætla að biðjast undan endurkosningu, og bað þá, ef einhverjir væru, sem hefðu í hyggju að kjósa sig, að láta það atkvæði falla á einhvern annan. Þá var gengið til atkvæða, og féllu þau þannig.

Aðalstjórn: Friðbjörn Þórhallsson 15 atkv.
Halldór Jónsson 14 — " —
Óli M. Þorsteinsson 10 — " —

Varastjórn.
Jón Þorsteinsson 12 — " —
(~~Friðbjörn~~) Friðrik Pétursson 11 — " —
Svafa Gísladóttir 7 — " —

VI. Kosning 5 manna í dómnefnd.
Kosningu hlutu
Gunnar Baldvinsson
Hrefna Sigtryggsdóttir, Hörður Kristjánsson, Konráð Ásgrímsson og Níels Hermannsson.

VII. Kosnir endurskoðendur.
Kosningu hlutu Björn Jónsson Bæ og Níels Hermannsson.

VIII. Lesið upp bréf frá U.M.S.S.
Ræddur var 4. liður bréfsins sem fjallaði um áfengismál.
Allmargir fundarmenn tóku til máls, en voru ekki á ~~því~~ eitt sáttir á því máli, sem vonlegt var.
Allir virtust þó vera sammála um að ástand það er nú um skeið hefur ríkt í málum þessum, sérstaklega á opinberum skemmtunum félagsins væri óviðunandi og ekki vansalaust.
Eftir miklar umræður kom fram svohljóðandi tillaga.
Fundur haldinn í U.M.F.H. sunnud. 20/1 1946, samþ. að félagar þess neyti ekki áfengra drykkja á sínum eigin skemmtunum.

Flm. Friðbjörn Þórhallsson. Ritari: Halldór Jónsson.

Tillagan borin upp og samþykkt með 15 atkv. gegn 1 atkv.
Málið tekið út af dagskrá.
Húsnefnd var endurkosin og skipa hana þessir:
Baldvin Ágústsson,
Ólafur Þorsteinsson,
Ágúst Jóhannsson.
Aðrar nefndir sitja einnig til næsta fundar.
Mættir voru 26 félagsmenn.
Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Fundarritari

Níels Hermannsson.

Óli M. Þorsteinsson

# Fundargjörð.

Fundur haldinn í U.M.F.H. miðvikud. 8/5. '46.

Fundarstjóri: Jón Björnsson.
-- ritari Óli Þorsteinsson.

Fundinn setti varaformaður Friðrik Pétursson.

1. Mál. Fundargerð frá aðalf. lesin upp og samþ. Þá tók til máls Halldór Jónsson, og flutti framsögu í málinu „Maður og Kona". Tók þá til máls Fr. Pétursson og lýsti því yfir að hann væri samþ. því, að þessu leikriti yrði komið á fót, og undirbúningur þess flýtt, eftir því sem hægt væri.
Komu fram margar raddir um þetta, og virtust allir vera því samþykkir.
Þá kom fram svohlj. tillaga.

Fundur haldinn í U.M.F.H. 5/6 '46. samþ.

að kjósa 7 manna nefnd til að undirbúa sýningu á sjónleiknum „Maður og Kona“. á næsta vetri.

Flm. Fr. Pétursson Sem. Þorv. Þórhallsson.
Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

II. Mál. Þá var tekið til umræðu næsta mál sem var Vatnsveitumálið.
Það höfðu komið fram beiðnir frá tveim mönnum, þeim Antoni Tómassyni og Gunnari Stefánssyni, um, að fá að leggja inn vatn úr vatnsbrunni U. M. F. H.
Bað Friðrik Pétursson um orðið, og skýrði málið vel og rækilega fyrir fundinum.
Tók þar næst Baldvin Ágústsson til máls og talaði mikið um þetta, en virtist algerlega misskilja upplýsingar Friðriks.
Friðbjörn Þórhallsson tók þá undir með Friðriki og sagðist vera að öllu leiti samþ. því sem hann hefði sagt.

Stóð Níels Hermannsson því næst upp og sagðist vera því samþ. að láta þessa tvo menn fá vatn úr brunninum og ræddi hann þetta mál mjög vel og ítarlega.

Þá kom fram svohljóðandi tillaga:

Fundur haldinn í U. M. F. H.
Miðvikud. 8/5 '46.
Leggur til að fundurinn samþykki, að veita þeim mönnum sem fóru með stjórn félagsins síðastliðið ár, umboð til að semja um sölu á afnotum af vatnsleiðslu við þá Anton Tómasson og Gunnar Stefánsson.

Flm. Friðrik Pétursson
Sem. Óli M. Kortsteinsson.
Tillagan borin upp og samþ. samhljóða.

III. Mál. Þá var tekið fyrir 3. mál, sem var um leigusamning á húsinu til fundarh. f. árið 1946 fyrir Verkamannafélagið.

Var mikið rætt um þetta mál, og virtist vera talsverður hiti meðal fundarmanna, þar sem komu fram ýmsar raddir og engir virtust geta tekið sömu afstöðu til málsins.
Kom að síðustu fram svohljóðandi tillaga frá Níelsi Hermannssyni, svohljóðandi:
Að fundurinn samþykkti að fela núverandi stjórn, að semja við Verkamannafélagið.

Tillagan samþykkt.

IV. Mál. Þá var tekið fyrir 4. mál dagskrárinnar, sem var um kaup á hljóðfæri.
Það hafði komið til umræðu meðal nokkurra félaga að kaupa Radíógrammófón.
Var þetta mál því tekið fyrir og rætt á þessum fundi, og virtist vera mikill áhugi hjá félagsmeðlimum um að kaupa tækinu.
Kom þá fram tillaga frá Fr. Péturssyni.
Fundur haldinn í U. M. F. H. 8/5 '46 samþykkir að kaupa hinn fyrrumtalaða Radíógrammófón.

Tillagan borin upp og samþykkt.

V. Mál. Þá kom fram tillaga um að kaupa veitingaleyfi, og var það samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir,
Fundi slitið.

Fundarritari

Óli M. Þorsteinsson.

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 10/11 1946 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.

Fundinn setti formaður félagsins Friðbjörn Þórhallsson, og tilnefndi fundarstjóra Níels Hermannsson, en hann tilnefndi svo ritara Óla M. Þorsteinsson.
Fundargjörð frá síðastliðnum fundi lesin upp og samþykkt.

I. Mál. Þá var lesið upp bréf sem félaginu hafði borist frá U.M.S. Skagafjarðarsýslu. En það hljóðaði þannig:

Reynistað, 8. sept. 1946.

Ungm. félag!

Nú fer veturinn að nálgast, og þá byrjar aðal starfstími hjá félögunum.

Nú þurfið þið að taka ákvörðun um, hvort þið óskið þess, að fá íþróttakennara nú á komandi vetri og vori.
Umsókn um íþróttakennslu þarf að vera komin til stjórnar U.M.S.S. fyrir 15. okt. n.k. Annars verður hún ekki tekin til greina.
Við vonum að þið bregðist fljótt við, og sendið okkur umsóknina með fyrsta pósti.

Virðingarfyllst.

F.h. U.M.S.S.

Sig. Jónsson.

Var þetta mál rætt mikið og voru flestir mjög sammála.
Friðbjörn Þórhallsson benti á að við mundum eiga þægilegra með, ef við gætum fengið íþróttakennarann að vori.
Þá kom fram munnleg tillaga frá Fr. Pétursson

svohljóðandi:
Að fundurinn samþykki að fela stjórninni að vita hvort fræðslumálanefnd Héraðsins vildi að skólinn taki þátt í íþróttakennslunni. En ef svo væri ekki, að reyna fá kennarann þá í vor.
Tillagan borin upp og samþykkt.

2. Mál. Vetrarstarfið:
Framsögu hafði Magnús Þorsteinsson. Talaði hann um að félagið héldi upp á 1. des. með skemmtisamkomu. Stóðu margir fundarmenn upp og virtust allir vera því samþykkir. Þá kom fram svohlj. tillaga.

Fundur haldinn í U.m.f. H. 10/ii 1946. leggur til að kosin verði 5 manna nefnd til undirbúnings að skemmtun 1. des.

Flm. M. Þorstins.

Samþ.

Var þá gengið til kosningu, og hlutu hana þessir:

1. Hrefna Skagfjörð með 5 atkv.
2. Sigurborg Bjarnad. - - -
3. Þórður Kristjánsson - 4 -
4. Fr. Pétursson - - -
5. Sveinhildur Guðjónsd. - 3 -

Varamenn:

Gunnar Baldursson með 3 atkv.
Ólafur Þorsteinsson - 2 -
Kári Þorsteinsson - - -

Þá var kosið starfslið til næsta fundar

Tilnefndur var fundarstj. Fr. Pétursson
- " - - ritarar Friðbjörn Þórhallsson.
Hrefna Skagfjörð.

Fundi slitið

Ritari M. Þorsteinsson

Fundargjörð

Fundur haldinn í U.m.f. H.
sunnudaginn 8. des. 1946.
Málefni fundarins voru sem hér segir.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, borin upp og samþ. samhljóða.

II. Þá lá fyrir frá Alfreð Sveinbjörnssyni beiðni um upptöku í félagið. Var hún borin upp og samþykkt samhljóða.

III. Lesið upp bréf sem félaginu hafði borist.

IV. Óli M. Þorsteinsson tók til máls. Sagði hann meðal annars, að sig taki það sárt, þegar verið væri að tala um það t.d. að ekki væri von en drykkjuskapur og slark hefðu verið á þessu balli, því það hefði verið U.m.f.H sem hélt það. Þá sagði hann að það væri ósk sín að hafist yrði handa, að reyna að útrýma vínnautn innan félagsins.
Þá tók til máls Gunnar B.

sagði hann að þetta mál hefði verið rætt mjög vandlega á Sambandsf. og hefði hann verið beðinn að upplýsa það innan félagsins. Var hann vondaufur með að þetta næði fram að ganga.
Þá talaði Óli Þ. Þakkaði hann Gunnari fyrir sína ræðu og vék nokkrum orðum að bréfinu.
Þá talaði Rikharð J. Var hann því fylgjandi að þetta næði fram að ganga.
Næstur talaði Sr. Pétursson. Sagði hann að þetta hefði verið mikið rætt á fundi fyrir ekki all löngu. Þá sagði hann að ef þessi deild yrði stofnuð, að aðalvandinn yrði að fá einhvern til að veita henni forstöðu. Þá sagði hann að sér fyndist að þetta myndi ekki ná tilgangi sínum með því. Því þessi deild yrði fyrst og fremst og fremst fyrir þá, sem ekki neittu áfengra drykkja.
Næstur talaði Níels Hermannsson, taldi hann að ef þessi deild yrði

stofnuð að félaginu væri þá skipt í tvent, og sagði að þá væri ver farið en áður var. Þvi það sagðist hann vita með vissu að drykkjuskapur yrði sá sami.
Þá tók til máls Bergur Jóhannsson
Þá tók til máls Gunnar Baldvinsson og skýrði hann frá samtali við Guðjón Sigmundarson. Þá talaði Friðbjörn Þórhallsson. Sagði hann að nauðsynlegt væri að taka þetta mál til rækilegrar meðferðar. Gat hann þess að hann væri þessari deildarstofnun hlyntur. Þó hann teldi hana ekki heppilega úrlausn á þessu vandamáli.
Næstur talaði Friðrik Pétursson
Sagði hann að (of) það myndi réttara að fara aðra leið, hún væri sú að banna ölvuðum mönnum aðgang að þeim skemmtunum sem U.m.f.H. héldi.
Næstur talaði Gunnar Baldvinsson.
Sagði hann frá skemmtun sem haldin var hér í fyrravetur, og að þar hefði verið auglýst að ölvuðum mönnum væri bannaður aðgangur. Þá sagði hann að sjaldan hefði verið meiri ölvun en á þeirri skemmtun.
Þá talaði Níels Hermannsson.
Var hann því hlyntur að farin yrði sú leið sem Friðrik Pétursson benti á.
Þá talaði Friðbjörn Þórhallsson, var hann því hlyntur að reynt yrði að fara þessa leið.
Þá töluðu þeir Ríkharð Jóhannsson og Gunnar Baldvinsson.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga.
Fundur haldinn í U.m.f.H. sunnudaginn 7/12 - 1946. Leggur til að kosin yrði 3ja manna nefnd til athugunar á þessu máli, og leggi hún fram álitsgerðir sínar á næsta fundi til umræðu og samþykkis.
Fltm. Óli Þorsteinsson
Stm. Níels Hermannsson.

Níels Hermannsson gerði grein fyrir
stuðningi sínum við tillöguna.
Þá skýrði Óli Þorsteinsson tillöguna.
Tillagan borin upp og samþykkt.
Þeir sem hlutu kosningu voru:

Óli Þorsteinsson 9 atkv.
Friðrik Pétursson 8 — " —
Níels Hermannsson 6 — " —

Varam.

Halldór Jónsson
Friðbjörn Þórhallsson
Hrefna Skagfjörð.

V. Leikstarfið í vetur.

Frm. Óli Þorsteinsson.
Sagði hann að nauðsynlegt væri að reynt
yrði að koma á einhverju leikriti í
vetur, og gat þess að sér hefði tekist
að fá leikrit lánað á Sauðárkróki,
og héti það „Malara konan fagra“.
Friðrik Pétursson gerði fyrirspurn hvort
leikritið þyrfti mikla æfingu.
Sagði Óli að það myndi ekki þurfa
mjög mikinn undirbúning.
Þá bar Friðrik Pétursson fram munnlega
tillögu svohljóðandi: Hvort ekki væru
allir því samþykkir að kosin væri
5. manna nefnd til að annast
undirbúning þess. samþykkt samhljóða.
Þeir sem hlutu kosningu voru:

Gunnar Baldvinsson 11 atkv.
Hrefna Skagfjörð 8 — " —
Þórður Kristjánsson 7 — " —
Sigurborg Bjarnad. 7 — " —
Svanhildur Guðjónsd 7 — " —

Varam.

Níels Hermannsson
(~~Bragi Baldvinsson~~) Rikharð Jóhannsson.
Friðrik Pétursson
Alfreð Sveinbjörnsson
Bergvin Jóhannsson.
Málið tekið út af dagskrá.

VI. Níels Hermannsson gerði fyrirspurn til stjórnarinnar hvort nokkuð hefði verið gert í því, að fá sleyfi út á húsið. Friðbjörn Þórhallsson svaraði því á þá leið, að ekki væri búið að því enn.

VII. Óli Þorsteinsson vakkti máls á því að nauðsynlegt væri fyrir félagið, að gengið yrði fram í því, að það fengi veitingaleyfi.
Þá gat hann þess að félagið ætti 30 ára afmæli í vetur og æskilegt væri að þess yrði mynnst á viðeigandi hátt, ef tök yrðu á því.
Þá talaði Níels Hermannsson.
Sagði hann að sér fyndist nokkuð mörg mál vera á dagskrá.
Sagði hann að sjálfsagt væri að halda upp á afmæli félagsins.
Þá gat hann þess, að æskilegt væri að fá einhvern til þess að taka saman sögu félagsins frá stofnun

þess. Næstur talaði Friðrik Pétursson
Var hann því hlynntur sem fram hafði komið í þessu máli.
Auk þess gat hann þess að nauðsynlegt væri að stilla það þannig, að sem flestir félagar væru heima þegar þessi afmælisfagnaður færi fram.
Þá talaði Baldvin Ágústsson var hann því samþykkur að haldið væri upp á afmæli þess.
Næstur talaði Bergvin Jóhannesson og var hann samþykkur síðasta ræðumanni.
Þá var málið tekið út af dagskrá.
Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur Þórður Kristjánsson.
Ritarar Gunnar Baldvinsson
Níels Hermannsson.
Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Fundarritari var Friðbjörn Þórhallsson

Óli H. Þorsteinsson.

## Fundarboð.

Aðalfundur U.M.F.A. var haldinn
sunnudaginn 19/1 1947.
Fundinn setti formaður félagsins
Friðbjörn Þórhallsson og stýrði honum.
Mættir voru 16 félagar.
Gjörðir fundarins voru þessi:

I. mál. Inntökubeiðnir höfðu komið fram
frá þeim Sólbergi Björnssyni og
Valgarði Sigmarssyni.
Voru þær báðar bornar upp og samþ.
Þá las formaður upp fundargerð frá
síðasta fundi, og var hún því næst
borin upp og samþykkt.

II. mál. Þá las gjaldkeri félagsins Halldór Jónsson
upp reikninga félagsins og voru þeir samþ.

III. —"— Lesin upp lög félagsins.
um 13. gr. urðu talsverðar umræður, vildu
sumir láta falla niður úr henni orðið
„framsóknarkvæði."
kom fram tillaga frá Óla M. Þorsteins

og var hún samþ. með 7:2 atkv.

13. gr. hljóðaði svo: Fundir byrja og enda með því að
syngja eða lesa upp eitthvert ættjarðar
eða framsóknarkvæði, sem til þess eru valin.

En breytt:-
Fundir byrja og enda með því að
syngja eða lesa upp eitthvert ættjarðar-
kvæði, sem til þess er valið.

Því næst voru lögin borin upp og samþ.

IV. mál. Lesin upp fundarsköp félagsins og
samþykkt samhljóða.

V. —"— Lesin upp úrsagnir frá þeim Sólveigu
Jónsdóttur og Agli Jóhannessyni. samþykkt.

VI. Stjórnarkosning:

Áður en gengið var til kosninga
stóðu þeir upp Friðbjörn Þórhallsson og
Halldór Jónsson fyrrv. stjórnarm. og báðust

Undan kosningu.
Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu hana þessir:

| | | |
|---|---|---|
| Níels Hermannsson | 15 atkv. | |
| Óli M. Þorsteinsson | 14 -"- | endurkosinn |
| Þórður Kristjánsson | 12 -"- | |

Varamenn:

| | |
|---|---|
| Gunnar Baldvinsson | 11 -"- |
| Ágúst Jóhannsson | 9 -"- |
| Jón Björnsson Bæ. | 8 -"- |

Þá var kosin dómnefnd, og hlutu kosningu:

Hrefna Skagfjörð
Svanhildur Guðjónsdóttir
Bergur Baldvinsson.
Bergsvein Jóhannsson.
Friðbjörn Þórhallsson.

Endurskoðendur (~~[illegible]~~) voru kosnir
Björn Jónsson Bæ (endurkosinn), og

Friðbjörn Þórhallsson Nýlendi.

Þá (~~næst~~) stóð upp Óli Þorsteinsson og kvaddi orðum sínum til skemmtinn. og spurðist fyrir um störf hennar.
Stóð þá upp formaður sk. nf. Gunnar Baldvinsson og upplýsti málið og gaf skýringar á því sem nefndin hafði komið sér saman um.
Fleira lá ekki fyrir fundinum og var honum slitið með því að svipað var útt lag.

Fundarritari

Óli M. Þorsteinsson